

Fundur í skólaráði 08.02.2021

Mætt til fundar: Hanna Dóra, Lára,
Sara G., Trostan fulltrúar kennara,
Sif fulltrúi starfsfólks,
Ragnhildur, Gunnhildur
Laufey í fjarfundi
Lydía og Kristinn Örn fulltrúar nemenda.

Hanna Dóra byrjar fund með áframhaldandi fundarplani til vors. Stefnt að fundum 8. mars, 12. apríl og 10. maí á sama tíma á mánudegi. Þ.e. 13:20

Staða mála vegna skólahúsnæðis í Varmahlíð.

Búið að semja við arkitekta og nú í framhaldi verða tveir vinnufundir með þeim sem hafa áhuga á því að koma sínu á framfæri að taka þátt í þróun hugmynda. Unnið verður út frá viljayfirlýsingu sveitarfélaganna um að allir skólarnir í Varmahlíð verði á einum stað, grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli.

Skóladagatal næsta árs.

Laufey kom með tillögu frá foreldrum hvort hægt væri að lengja vetrarfrí barnanna með því að hengja við starfsdaga og e.t.v. samráðsdag. Nú hafa foreldrar verið hvattir til að taka ekki börn úr skólanum til lengri ferðalaga og þá gætu þær fjölskyldur nýtt þetta frí til lengri ferða. Starfsdagur á núverandi skólaári. Tillaga er að sá dagur verði 15. mars.

Skólahald á breyttum tímum.

Árshátíðarvinna unglinga var með mjög óhefðbundnum hætti. Tekið var upp og nú er unnið að því að gera leikritið klárt til birtingar.

Yngsta sig er byrjað að æfa sitt leikrit. Þar er stefnt að sýningu með foreldrum í merktum sætum. Miðstig vinnur að því hvernig útfæra á þeirra árshátíð.

Stóra upplestrarkeppnin er 17. mars og 7. bekkur að byrja að æfa fyrir það.

Hestdagar verða með hefðbundnum hætti.

Nemendafulltrúar spyrja um Danmerkurferð, sem er því miður ekki raunhæf miðað við ástand í heiminum. Vonandi verður hægt að stefna að ferð innanlands.

Önnur mál.

Páskabingó (LE) spyr um framkvæmd þess. Taka verður tillit til sóttvarnareglna við skipulag þess.

Fundi slitið.

Fundarritari Lára Gunndís